

Mál nr. 41/1999

**M og
Vátryggingafélagið V v/sjúkra- slysátryggingar.**

Slys þegar maður féll af húsbaki á Laugavegi 22 í Reykjavík þ. 3. 8. 1998.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ.19.2.1999.
2. Lögregluskýrsla dags 3.8.1998.
3. Læknisvottorð dags. 22.9.1998
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 28/1999.
5. Bréf V. dags. 5.10.1998, 29.12.1998 og 9.3.1999
6. Bótakrafa dags. 12.8.1998.
7. Áverkavottorð dags. 11.9.1998.
8. Ljósmyndir.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu segir, að M hafi sagst hafa verið að þríla yfir skilti sem hangir utan á skemmtistaðnum við Laugaveg 22 í um 3. metra hæð frá gangstéttinni þegar hann missti jafnvægið og datt og lá M á gangstéttinni og kvartaði um verk í fæti. Vitni að atburðinum segir, að M hafi verið að klifra yfir ofangreint skilti þegar hann virtist missa takið og dottið. Í læknisvottorði segir, að M hafi ekki borið merki ölvunar þó hann hafi játað að hafa neytt áfengis, en hann hafi tagnað á hægri þumli og brotið hnéskei á hægri hné. M krefst bóta en V hafnar bótakröfu þar sem að um stórkostlegt gáleysi M hafi verið að ræða í umrætt sinn og vísar í því sambandi til 6. gr. vátryggingaskilmála sjúkra- og slysátryggingar sinnar.

Álit.

Fallast verður á það með V, að í umrætt sinn hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann klifraði upp á þak hússins Laugavegur 22 og á M því ekki rétt til bóta vegna þessa slyss úr sjúkra- og slysátryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkra- og slysátryggingu hjá V.

Reykjavík 30.3. 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Guðmundur Pétursson hrl.

Jón Magnússon hrl.